

## 2. fundur

Safnanefnd hélt fund á Amtsbókasafninu miðvikudaginn 7. október 1998 kl. 17:30.

Mættir voru Guðrún A. Gunnarsdóttir, Gunnar Gunnarsson, Guðmundur Páll Ólafsson, Ægir B. Jóhannsson, Sigurlína Sigurbjörnsdóttir og Guðmundur Andrésson, sem ritar fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og las síðan síðustu fundargerð nefndarinnar. Fundargerðin var samþykkt.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 1999.
  2. Önnur mál.
- 
1. Sigurlína lagði fram drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 1999. Farið var yfir áætlunina.
  2. Önnur mál.  
Rætt um framtíð bókasafnsins og nauðsyn þess að gera tillögur um “Amtsbókasafn næsta áratugar”.

Lögð fram lög um Þjóðskjalasafn Íslands, reglugerð um Héraðsskjalasöfn og stofnskrá fyrir Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla. Einnig listi yfir Héraðsskjalasöfn.

Næsti fundur verður 28. október nk.

Fundargerðin upplestin og hún samþykkt.  
Fundi slitið kl. 19:45.  
Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),  
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.),  
Ægir Jóhannsson (sign.),  
Gunnar Gunnarsson (sign.).

Íhs.